

Sveitarfélagið Skagafjörður  
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir  
Skagfirðingabraut 17  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 24. mars 2022  
UST202202-243/A.B.  
10.04.02

**Efni: Tillaga - Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 – Skrá um vegi í náttúru Íslands – Fyrri áfangi – Auka umsögn**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skagafjarðar er barst 22. mars sl. þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að skrá um vegi í náttúru Íslands (fyrri áfanga) innan sveitarfélagsins, eftir að sveitarfélagið hefur brugðist við ábendingum stofnunarinnar dags. 28. febrúar sl.

Í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 28. febrúar sl. um fyrri áfangann segir: „Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að innan sveitarfélagsins eru tvö friðlýst svæði, þ.e. Þjórsárver og Miklavatn en mikilvægt er að litið sé til friðlýsingarskilmála svæðanna við gerð vegaskrár. Umhverfisstofnun bendir á að skráin er háð samþykki stofnunarinnar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við vinnslu skipulagstillögunnar verði haft samráð við stofnunina við gerð tillögu að vegaskrá á fundi þar sem farið er yfir þá vegi sem liggja innan friðlýstra svæða. Enn fremur bendir Umhverfisstofnun á að með umsögn þessari er stofnunin ekki að samþykkja vegi á friðlýstum svæðum sveitarfélagsins skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess áskilur stofnunin sér rétt til umsagna á síðari stigum.“

Í svari sveitarfélagsins dags. 8. mars og 22. mars sl. kemur fram að engar skráðar leiðir liggja um umrædd friðlýst svæði eins og er og fullt samráð verður haft við Umhverfisstofnun í áfanga tvö.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir afgreiðslu sveitarfélagsins og gerir ekki athugasemdir við hana. Umhverfisstofnun lítur svo á að sveitarfélagið muni hafa samráð við stofnunina á síðari stigum varðandi verkefnið.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur